



FÉLAG ELDRÍ BORGARA
Á AKUREYRI

7. stjórnarfundur EBAK 8. febrúar 2022 kl. 16.00

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Garðar Lárusson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

1. **Fundarsetning** kl. 16.00
2. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 6. fundar 11. janúar 2022 samþykkt.
3. **Viðvera** á skrifstofu í Birtu fyrir næsta mánuð. 9/2 Helgi, 16/2 Hallgrímur, 23/2 Sigurður
2/3 Birgir, / 2/3 í Sölkú Friðrik, 9/3 Eva og 16/3 Eva
4. **Næsti stjórnarfundur.** Miðvikudaginn 9. mars kl. 15.30.
5. **Starfið.**
 - **Félagsmiðstöðvarnar.** Opnaðar að fullu mánudaginn 31. jan. 50 manna takmörkun.
 - **Ringó.** Fyrsta æfing 2. febrúar og var vel sótt og allt gekk vel undir stjórn Friðriks Vagns.
 - **Afmælisnefnd.** Gísli Sigurgeirsson er formaður nefndarinnar. Sigurður Harðar fór aðeins yfir hvað væri að gerast í nefndinni og var síðan smá umræða um væntanlegt 40 ára afmæli EBAK.
 - **Ársskýrsla til LEB.** Skýrslunni var skilað í janúar. 1953 félagar um síðustu áramót. EBAK á rétt á 8 fulltrúum á landsfund EBAK.
6. **Undirbúningur fyrir aðalfund.** Farið yfir verkefnablað m.t.t. dagsetninga og samþykkt félagsins. Auglýsingar, tillögur, skýrslur, ársreikningar, undirritun. Birting gagna. Aðferð við kjör í öldungaráð. Hugmyndir um ályktanir aðalfundar.
7. **Afsláttasöfnun.** Rætt var um að stuttur tími væri til að safna nýjum afsláttaraðilum og ekki voru allir ánægðir með að greiða þurfi fyrir aðild að afsláttarbókinni.
8. **Húsnæðismál – Búfesti.** Hallgrímur og Sigurður fóru á fund hjá Búfesti og sögðu okkur frá gangi mála vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda í Holtahverfi.
9. **Sveitastjórnarkosningar.** Lauslega var minnst á að stutt væri í næstu bæjarstjórnarkostningar.
10. **Önnur mál.**
 - Stólar. Búið að að ráðstafa öllum þeim stólum sem EBAK var með til ráðstöfunnar
 - Hjartastuðtæki námskeið verður fljótlega í umsjón R.K.Í. og geta 15 manns verið í einu.

Fundi slitið kl. 17.45.

Birgir Björn Svavarsson ritaði fundargerð.